

AUGLÝSING

86

15. júní

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Eyrarbakkaheppi,
nr. 142 8. ágúst 1939.

Í 1. mgr. 2. gr. samþykktarinnar á eftir orðunum „kl. 6 síðdegis“ komi: og á laugardögum kl. 4 síðdegis o. s. frv.

2. mgr. sömu greinar orðist svo:

Á tímabilinu frá 15. maí til 1. september skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 á föstudögum og eigi síðan en kl. 12 á hádegi á laugardögum.

Samþykktarbreyting þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Eyrarbakkahepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi frá 15. júní 1948, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1948.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

REGLUGERÐ

87

1. júlí

um holræsi og holræsagjald fyrir Hríseyjarhepp.

1. gr.

Þar sem hreppurinn hefur látið leggja holræsi í götu eða á opnu svæði, á kostnað sveitarsjóðs, eða þar sem hreppurinn hefur keypt og tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er hverjum húseiganda skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið. Vanræki einhver húseigandi að gera ræsi með hæfilegum fresti, er hreppsnefnd setur, skal hreppsnefndin láta vinna verkið á hans kostnað.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra oddvita eða þeim, er hreppsnefnd felur umsjá með lagningu holræsa um þorpið, frá því og fá samþykki þar til. Skal allt, sem að holræsum utan húss og innan tilheyrir, ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjá alla með verkinu og er húseiganda skylt að hlýða fyrir mælum hans í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur.

Engir mega leggja eða ganga frá holræsum, sem liggja í holræsakerfi hreppsins, nema hreppsnefnd hafi viðurkennt þá hæfa til þess starfs.

Heimilt er hreppsnefnd að taka í sína umsjá núverandi holræsakerfi einstakra manna, samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigendur eða samkvæmt mati, ef ágreininger verður.

3. gr.

Holræsagjald skal greiða árlega af öllum húsum, sem standa við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í. Skal gjaldið lagt á eftir fasteignamati og vera 10 af þúsundi af fasteignamati hvers húss, enda sé lágmarksgjald fyrir hvert hús 60 krónur,